

Viðskiptamaður	Dagsetning	Verknr.
Rannsóknarlögregla ríkisins	7.7.1980	J204
Verkefni	Ab./hof.	
Skil gagna v/Geirfinns-máls og Guðbjartar-máls.	AS/gpj	

I dag hefur Rannsóknarlögregla ríkisins tekið við eftirfarandi gögnum til varðveislu frá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar.

1. Disklingum með öllum gögnum Geirfinns-máls eftir samlestur og endanlegar leiðréttingar.
2. Eftirfarandi segulbönd.
 - a) Endurtrygging efnis af seguldiski á 6 böndum, 2 endurtryggingar, 3 bönd hver.
 - b) Skrá nr. SKJ204-405D, afrit af endanlegri Geirfinns-skrá í röð á nafnnúmer, málnúmer og dagsetningu yfirheyrslu.
 - c) Segulband með vinnuskrá frá því að prófun Geirfinns-máls var á döfinni.
 - d) Band með vinnuskrá með svo nefndu Guðbjartsmáli. Hér er um að ræða innlestur á einhverjum hluta gagna úr þessu máli, þar sem öll framhaldsvinnsla féll niður.

3. Listar með ýmsum prufum og innlestrargögnum:

Samkvæmt yfirliti um tölvuvinnslu v/Geirfinns-máls og Guðbjartsmáls dags. 26.9.1978 eru þá eftirfarandi gögn eftir í vörzlu SKÝRR.


- a) Verklýsing og keyrslulýsingar vegna endanlegrar úrvinnslu samkvæmt beiðni Arnar Höskuldssonar.
- b) Forrit alls 5 að tölu.
- c) Verkmappa með ýmsum gögnum varðandi undirbúning verkefnis, úrvinnslu og annað sem tengist þessu verkefni.


Öll gögn og forrit sem geymd voru á seguldiski með uppsettu STAIRS kerfi hafa verið þurrkuð út af diskinum og hann tekinn til annarra nota.

Reykjavík 9. júlí 1980

F.h. Skýrsluvéla ríkisins
og Reykjavíkurborgar

F.h. Rannsóknarlögreglu
ríkisins


Jón Þór Þórnallsson,
forstjóri.


Hallvarður Einvarðsson,
rannsóknarlögreglustjóri
ríkisins.